



Skólaráðsfundur 5. desember 2019

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Kristín Hjartardóttir og Vala Vilhjálmsdóttir fulltrúar foreldra, Jóhanna Karlsdóttir fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Ólafur Eyjólfsson formaður UMFN sem fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Sigurður Magnússon formaður nemendafélags skólans, Kári Snær Halldórsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundaritari).

1. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir sjálfsmatsáætlun skólans fyrir skólaárið 2018-2019 sem og umbótaáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum hennar.
2. Guðný kynnti niðurstöður samræmdra könnunarprófa hjá nemendum í 4. og 7. bekk frá september sl. Nemendur koma ágætlega út í stærðfræði en ekki eins vel í íslensku sem þarf að vinna betur að.
3. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fór yfir skipulag í desember en margt er á dagskrá skólastarfsins í jólamánuðinum. Rætt um þemadaga sem eru í desember.
4. Önnur mál:
  - a. Ásgerður sagði frá hvernig ytra mat frá Menntamálstofnun gekk en almenn ánægja er hjá okkur með drög af skýrslu sem komin er. Fór einnig yfir hvernig niðurstöður verða kynntar. Ásgerður hrósaði kennurum fyrir áhuga þeirra á endurgjöf eftir kennsluheimsóknir matsmanna.
  - b. Niðurstöður PISA eru komnar og eigum við eftir að fá nánari kynningu á stöðu svæðisins.
  - c. Næsti fundur verður á nýju ári og þá fær skólaráð kynningu á starfi nemendaráðsins auk annars.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri